

MENNINGARSTEFNA VESTURLANDS

2021-2024

Drög að endurskoðaðri menningarstefnu

18. ágúst 2021

INNGANGUR

Í samningi á milli stjórnvalda og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi er kveðið á um að Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024 skuli marka stefnu landshlutans í menningarmálum. Sú menningarstefna sem mótuð var árið 2016 hefur nú verið yfirfarin og endurskoðuð með það að markmiði að hún endurspegli en frekar menningarlega sérstöðu Vesturlands. Menningarstefna Vesturlands er þannig áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands, í því augnamiði að fylgja enn frekar eftir ákvæði áðurnefnd samnings um stefnumótun í menningarmálum.

Endurskoðun menningarstefnunnar var frestað tímaþundið vegna þeirra aðstæðna sem upp komu í þjóðfélaginu í tengslum við COVID-19-faraldurinn, en þráðurinn tekinn upp að nýju fyri hluta árs 2021 þegar fragráð var skipað um verkefnið og undirbúningsvinna hófst. Skipun fragrðsins var með þeim hætti að sveitarfélögum á Vesturlandi tilhefndu einn fulltrúa hvert og auk þeirra sitja í fagráði fjórir fagaðilar starfandi á Vesturlandi með menningartengdar atvinnugreinar sem aðalstarf. Við endurskoðun stefnunnar var m.a. höfð til hliðsþjónar framtíðarsýn Sóknaráætlunar Vesturlands er lýtur að menning:

Auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera ábreifanlega í verðmætaskópun landshlutans.

Vesturland er eftirsóknarvert landsvæði sem iðar af mannlífi og menningu. Í stöðumati Sóknaráætlunar segir að Vesturland hafi yfir að búa öflugu menningarstarfi sem eykur lífsgæði íbúa og dregur að gesti. Framlegð skapandi greina til heildarinnar sé þar einna hæst á landinu og að á Vesturlandi liggi gríðarleg tækifærí að tengja matvælaframeiðslu, menningu og þjónustu við ferðafólk.

Sífellt meiri fjölbreytni færist í atvinnulíf svæðisins en í framtíðarsýn Sóknaráætlunar Vesturlands segir að ný atvinnutækifærí hafi stutt við fólksfjölgun á svæðinu. Ungt fólk sjái landshlutann sem aðlaðandi kost til búsetu í krafti góðrar þjónustu, sterkra innviða, öflugs atvinnulífs og menningarstarfs. Þar að auki má ætla að það svigrúm sem víða hefur myndast með störfum án staðsetningar gæti skapað ný tækifærí og haft jákvæð áhrif á mannfjöldaprórun svæðisins og samsetningu íbúa.

Menningarstefnunni er ætlað að mynda grunn fyrir ákvarðanatöku SSV í menningarmálum, þ.e. við úthlutun verkefnastyrkja og stofn- og rekstrarstykja úr Uppbyggjingarsjóði Vesturlands. Jafnframt að Menningarstefna Vesturlands verði fyrirmynnd sveitarfélagaanna í landshlutananum í stefnumótun menningarmála á sínum svæðum.

Við endurskoðun menningarstefnunnar var lögð áhersla á að hún yrði sameign landshlutans og því leitað fulltingis fólks af öllu Vesturlandi. Verkefnið var unnið undir verkefnastjórm

menningarfulltrúa Vesturlands, Sigursteins Sigurðssonar. Þáll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV var til ráðgjafar og Sólveig Ólafsdóttir aðstoðaði við framkvæmd og úrvinnslu stefnumótunarfunda.

Fagráð skipuðu eftirtaldir:

Ása Líndal Hinriksdóttir, *menningar- og frístundafulltrúi í Hvalfjarðarsveit*
Bjarnheiður Jóhannesdóttir, *forstöðumaður Eiríksstaða og verkefnastjóri Vínlandsseturs*
Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir, *söguþylgja og sagnabulur á Snæfellsnesi*
Eygló Bára Jónsdóttir, *kennari og formaður menningardefnar Grundarfjarðarbæjar*
Heiðar Mar Björnsson, *kvíkmyndagerðarmaður og framkvæmdastjóri Muninn film*
Jóhannes Eyberg, *bónði að Hraunhási í Heiðgefellsseit*
Kári Viðarsson, *leikari og eigandi Frystiklefans á Rífi*
María Neves, *starfsmaður atvinnu-, markaðs- og menningardefnar Borgarbyggðar*
Ólafur Páll Gunnarsson, *fjölmíðlamáður og formaður menningar- og safnanefndar Akraness*
Ragnheiður Valdimarsdóttir, *fulltrúi hjá Stykkishólmssbæ og formaður fagráðs*
Uppbyggingsjóðs Vesturlands
Sigrún Þormar, *starfsmaður Snorrasíðu og íbúi tilnefnd af Skorradalshrepp*
Sigþóra Óðinsdóttir, *myndlistamaður og einn af stofnendum Plan-B Art Festival*
Þorgírmur Einar Guðbjartsson, *bónði og ferðabjónustu- og matarfrumkvöðull að Ersstöðum*

VINNULAG VIÐ ENDURSKOÐUN

Fagráð hóf undirbúningsvinnu í byrjun mars. Tekin var ákvörðun um að fjalla um einn hluta menningarstefnunnar í einu, þvert á svæðin, ólikt því sem gert hafði verið við mótnun hinnar upphaflegu menningarstefnu. Vegna samkomutakmarkana voru allir fundirnir haldnir rafraðant í beinu streymi. Pátttaka var góð á öllum fundunum fimm og bárust þónokkuð margar hugmyndir og athugasemdir frá áheyrendum.

Boðað var til stremmisfundanna með almennum auglýsingum en farin var síðuleið að fá fjóra öfluga einstaklinga starfandi í menningarmálum á Vesturlandi að pallborðinu hverju sinni. Tekið var á móti tillögum og athugasemendum frá áheyrendum jafnóðum og þær bárust en einnig eftir fundina. Auk þess var notast við ráfrænt könnunarkerfi á fundunum til að fá fram sjónarmið sem flestra áheyrenda.

Starfsmenn SSV tóku saman niðurstöður stefnumótunarfundanna og lögðu fram tillögur til fagráðs menningarstefnunnar sem útfærði þær nánar. Niðurstaða þessara vinnu er síður skráðaða menningarstefna Vesturlands sem lögð var fyrir stjórn SSV síðsumars 2021. (ATH SKRIFA NIÐURSTÖÐU).

Opnu streymisfundirnir voru eftirfarandi:

29. mars 2021, I. Menningaruppledí

30. mars 2021, II. Listir

6. apríl 2021, III. Nýsköpun

8. apríl 2021, IV. Menningarárfur

13. apríl 2021, V. Samvinnna

Endurskoðuð og uppfærð menningarstefna Vesturlands var gefin út í ágúst 2021. Gert er ráð fyrir næstu endurskoðun árið 2025.

FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNÍ

Endurskoðun eldri menningarstefnunnar miðast við að samræma stefnuna við samtímann á Vesturlandi, ekki síst í ljósi breyttra aðstæðna eftir heimsfaraldur. Fagráð var sammála um að leggja sérstaka áherslu á atvinnugreinar menningar, menningu minnihlutahópa eins og t.d. Vestlendinga af erlendum uppruna og að stefnan sé mótuð út frá Vesturlandi sem heild.

Áhersla var lögð á að mæla árangur um framkvæmd stefnunnar. Í lok hvers hluta hennar er listi yfir mælanleg markmið sem hafa þann tilgang að leggja mat á árangur þeirra markmiða og aðgerða sem fram eru settar í stefnunni. Pannig er stefnt að því að vinna skýrslu um framgang Menningarstefnu Vesturlands þegar kemur að næstu endurskoðun hennar árið 2025.

I. MENNINGARUPPELDI

STEFNA

Fjölbreyttara námsframboð í skapandi greinum verði í boði á Vesturlandi. Menningarfræðsla og kennsla í fjölbreyttum listgreinum fléttist inn í reglubundið skólastarf.

Markmið 1:

Fjölbreyttir möguleikar á Vesturlandi til menntunar í menningu og listum

AÐGERÐIR:

Listkennsla verði eflid á öllum skólastigum og starfsfólk skólanna stutt í að beita skapandi lausnum við vinnu sína. Listgreinakennarar á Vesturlandi hafi samráðsvettvang/tengslandet.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélögir

Æskilegur samstarfsaðili: Menntastofnanir á Vesturlandi

Gerð verði úttekt á framboði listaskóla á Vesturlandi, t.d. með útvíkkun á starfsemi tónlistarskóla, stofnun listnámsbrauta á framhaldsskólastigi og stofnun listaskóla almennnt.

Framkvæmdaraðilar: SSV með stuðning frá Sóknarðætlun Vesturlands

Listnám og nám í skapandi greinum verði eflit á háskólastigi. Stofnað verði rannsóknarsetur skapandi greina við Háskólanum á Bifröst sem rannsakar hagræn áhrif lista á byggðaþróun.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Æskilegur samstarfsaðili: Háskólinn á Bifröst

Listasmiðjur verði starfræktar viðsvegar um landshlutann með aðstöðu fyrir fjölbreytt námskeiðahald fyrir alla höpa samfélag eins. Horft verði til félagsheimila og menningarhúsa viðsvegar um landshlutann í þessum efnum.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögir

Vinnuskólar bjóði upp á skapandi sumars törf ungmenna í auknunum mæli og leitist við samstarf við einstaklinga í skapandi greinum sem sinna hlutverki leiðbeinenda.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögir

Unnið verði með menningar- og áttthagafræði í skólam á Vesturlandi þar sem tengsl skólanna við nærsamfélagið verði efti og stuðlað að samstarfi skóla, atvinnulífs, safna og menningarstofnanna.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Æskilegir samstarfsaðilar: Menningarstofnanir, menntastofnanir og atvinnulífið

Markmið 2:

Áhersla á menningu allra aldurshópa

ADGERÐIR:

Barnamenningarhátiðir verði haldnar reglulega á mismunandi stöðum á Vesturlandi.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin og SSV með stuðning frá
Sóknaráætlun Vesturlands*

Stuðlað verði að auknu menningarsamstarfi kynslóða með áherslu á samstarf elstu og yngstu aldurshópa.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin og SSV með stuðning frá Sóknaráætlun
Vesturlands*

Markmið 3:

Börn og ungmenni njóti menningar óháð búsetu, efnahag eða uppruna

ADGERÐIR:

Menningar- og listastofnanir á Vesturlandi vinni að fræðsluáætlun í daglegu starfi sínu og stuðlað verði að reglulegum heimsóknum leik- og grunnskóla til þeirra. Miðlun og fræðsla menningar- og listastofnanna til íbúa/barnaþjóldna verði aukin.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélögin

Æskilegir samstarfsaðilar: Menningar- og menntastofnanir

Aðgengi barna og ungmenna að söfnum og menningarviðburðum og áframhaldandi samstarf við byggðapróunarverkefnið List fyrir alla.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélögin

Æskilegir samstarfsaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Mælanleg markmið vegna kafla um Menningaruppledí

- Fjölgar námskeiðum og/eða áföngum í listgreinum hjá skólastofnum Vesturlands á tímabilinu 2021-2025?
- Fjölgar listaskólum á Vesturlandi á tímabilinu 2021-2025?
- Fjölgar nemendum í listnámi á Vesturlandi á tímabilinu 2021-2025?
- Fjölgar nemendum af Vesturlandi sem sækja í listnám á háskólastigi að framhaldsskóla loknum á tímabilinu 2021-2025?
- Eykst námsframboð í listgreinum utan hefðbundinna skólastofnana á tímabilinu 2021 – 2025?
- Munu sveitarfélöginn bjóða upp á skapandi störf fyrir ungmenni í vinnuskólum landshlutans árið 2025?
- Hvað hafa verið haldnar margar Barnamenningsgarhátiðir á Vesturlandi?
- Hefur Rannsóknarsetur skapandi greina hefur verið stofnað á Vesturland?
- Hvað hafa margar menningarstofnanir á Vesturlandi sem taka á móti gestum unnið fræðsluáætlun?
- Hvað hafa margar aðgerðar verið framkvæmdar til að efla verkefnið „List fyrir alla“?

II. LISTIR

STEFNA

Listum sé gert hátt undir höfði á Vesturlandi og áhersla lögð á fjölbreytta listsköpun allra í samfélaginu, óháð aldrí, stöðu eða uppruna. Sveitarfélög starfi saman að því að skapa vettvang þar sem listsköpun og atvinnulíf leiðast saman á Vesturlandi.

Markmið 1:
Listir fái aukið vægi í daglegu lífi á Vesturlandi

AÐGERÐIR:

Efla markvissa kynningu á listum og listviðburðum.
Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögini, SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands og Markaðssítofa Vesturlands

Markmið 2:
Áhersla á fjölbreyttar listir og samtímalist

AÐGERÐIR:

Stuðlað verði að auknu samstarfi listamanna þvert á listgreinar á Vesturlandi.
Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Listasel (e. residences) verði eflid um allt Vesturland og stutt verði við starfsemi þeirra. Skapað verði tengslanet gestalistaþólk við listafólk með búsetu í landshlutnum.
Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögini, stuðningur frá SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Aukinn stuðningur við verkefni listamanna á Vesturlandi. Farið verði í kynningaráttak á ráðgjafarþjónustu og styrkjum fyrir aðila í skapandi greinum.
Hverjir koma að aðgerðinni: SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

Æskilegur samstarfsaðili: Háskólinn á Bifröst

Markmið 3:

Stefnt að eflingu listahátiða á Vesturlandi

AÐGERÐIR:

Listahátiðir verði haldnar víða á Vesturlandi og skapaður fíjór jarðvegur fyrir listahátiðir sprottnar úr grasróttini.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV, Sóknaráætlun Vesturlands og sveitarfélögın

Stutt verði við þegar starfandi listahátiðir á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélögın

Komið verði á laggirmar hæfileikakeppni eða hæfileikhátið umgenna á Vesturlandi sem haldin er með reglubundnum hætti.

Hverjir koma að aðgerðinni: Umgennaráð Vesturlands, sveitarfélögın, SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

Æskilegur samstarfsaðili: Umgennanafélögın á Vesturlandi

Mælanleg markmið

- Fjölgar menningarumsóknum í Uppbyggingarsjóð Vesturlands á tímabilinu 2021-2025?
- Hefur fjöldi skráðra listasela (e. art residences) hefur aukist um allt Vesturland á milli 2021 og 2025?
- Hafa faglegar listahátiðir hafa fest sig í sessi viðsvegar um Vesturland árið 2025?
- Hafa listahátiðir á Vesturlandi hafa hlutið viðurkenningar, t.d. Eyrarrósina, árið 2025?
- Er haldin hæfileikakeppni barna, unglinga og umgenna á Vesturlandi með reglulegu millibili árið 2025?
- Rennur meira fé til list- og menningartengdra verkefna í tengslum við Sóknaráætlun Vesturlands árið 2025 heldur en árið 2021?
- Leiðir aukin fagleg ráðgjöf til listamanna til fleiri menningartengdra nýsköpunarverkefna árið 2025 heldur en árið 2021?
- Hefur kynningaráætlun Markaðsstofu vesturlands er lýtur að greinum lista á Vesturlandi verið mótuð?

III. NÝSKÖPUN OG SKAPANDI GREINAR

STEFNA

Á Vesturlandi verði stöðug frambróun í menningartengdum atvinnugreinum og í nýsköpun skapandi greina. Menningartengdar atvinnugreinar verði áberandi í atvinnulífinu á Vesturlandi.

Markmið 1:

Greiður aðgangur að ráðgjöf og fjárvæðingi við nýsköpunarverkefni í menningarmálum og skapandi greinum

AÐGERÐIR:

Ráðgjöf fyrir nýliða í rekstri sem tengist menningu og skapandi greinum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Upplýsingamiðlun um fjármögnumunarmöguleika fyrir nýsköpunarverkefni, skilmála og umsóknarfestir í sjóði fyrir þá sem starfa að menningartengdum atvinnugreinum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Markmið 2:

þverfaglegt samstarf fyrirtækja í öllum atvinnugreinum á Vesturlandi við aðila í nýsköpun og menningargreinum

AÐGERÐIR:

Áframhaldandi uppbygging nýsköpunar- og þróunarsætra á Vesturlandi. Áhersla er lögð á menningartengd nýsköpunar- og atvinnuværkefni.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Skapaður verði hvati til samstarfs milli einstaklinga í skapandi greinum og fyrirtækja/stofnanna í öðrum atvinnugreinum á Vesturlandi, svo sem með efldu tengslaneti og styrkjum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Markmið 3

Hvatt til menningartengdrar nýsköpunar, menningarstarfs eða fíðfestingar í menningu með verðlaunum eða viðurkenningum

AÐGERÐIR:

Viðurkenning veitt árlega til aðila í menningartengdum verkefnum á pari við Nýsköpunarverðlaun Vesturlands. Viðurkenning menningar veitt í samræmi við úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Sóknaráætlun Vesturlands

Markmið 4:

Kynning á nýsköpunum ásamt menningartengdum og skapandi atvinnugreinum

AÐGERÐIR:

Lifandi kynning á menningartengdum atvinnugreinum og skapandi greinum í landshlutanum.
Hverjir koma að aðgerðinni: Markaðsstofa Vesturlands, SSV og/eða Sóknaráætlun Vesturlands

Pátttaka í stærri verkefnum sem miða að því að kynna nýsköpun og skapandi greinar á Vesturlandi, t.d. Hönnunarmars, listahátiðum, List án landamæra og samnorraðum verkefnum.
Hverjir koma að aðgerðinni: SSV með stuðning úr Sóknaráætlun Vesturlands

Mælanleg markmið vegna kafla um Nýsköpun

- Fjölgar einyrkjum og smærri fyrirtækjum starfandi í menningartengdri nýsköpun á tímabilinu 2021-2025?
- Eru nýsköpunar-, frumkvöðla- og þróunarsetur starfandi víða á Vesturlandi árið 2025?
- Eru Menningarverðlaun Vesturlands veitt árlega árið 2025?
- Hafa menningarverkefni á landsvísu, t.d. Hönnunarmars, Listahátið í Reykjavík o.fl. teygt anga sína á Vesturland árið 2025?

IV. MENNINGARFUR

STEFNA

Menningararfur Vesturlands verði varðveisitur og honum miðlað með áherslu á sögu/lega sérstöðu svæðisins. Jafnhiða lögð áhersla á samtímmenningu og menningarárarf ólíkra hópa samfélagsins, til dæmis íbúa af erlendum uppruna.

Markmið 1:

Menningararfur Vesturlands verði áberandi þáttur í markaðssetningu svæðisins

ADGERÐIR:

Auka þátt menningararfs í markaðssetningu Vesturlands til íbúa Íslands, sem og ferðamanna.

Hverjir koma að aðgerðinni: Markaðsstofa Vesturlands

Skráning menningar- og formminja og úrvinnsla skráningarárverði aukin á Vesturlandi. Gögn um skráningar gerð aðgengilegri m.t.t. uppbryggingar áfangastaða og nýsköpunar.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV, söfn á Vesturlandi og Markaðsstofa Vesturlands

Markmið 2:

Góð aðstaða sé til menningarstarfs á Vesturlandi og metnaðarfullt safnastarf

ADGERÐIR:

Styðja skal við metnaðarfullt safnastarf í landshlutum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Unnið verði að stefnumótun fyrir sameiginlegu Listasafni Vesturlands eða samstarf safna á Vesturlandi á því svíði sem starfar á faglegum grunni. Skapaður verði hvati til aukinnar starfsemi og miðlunar í söfnum Vesturlands.

Hverjir koma að aðgerðinni: Menningarstofnanir, SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Menningarstofnanir á Vesturlandi leggi áherslu á fjölmenningu og að vera fulltrúar allra íbúa Vesturlands, óháð uppruna, við miðlun og varðveislu menningarárars.

Hverjir koma að aðgerðinni: Menningarstofnanir, SSV og Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Skapaður verði hvati fyrir menningar-, áttihaga- og þekkingarstofnanir að huga að samtíma menningarstarfi og skráningu samtímasögu.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Menningarstofnanir, SSV og Uppbyggingarsjóður
Vesturlands*

Leitast verði við að nýta aðferðafræði upplifunarhönnunar og leikjafræði við miðlun menningararfs, óháð tækni. Engu að síður, þar sem það á við, skal nýta nýja tækni svo sem tölvuleiki og sýndarveruleika í miðlun menningaraðs. Þannig verði stuðlað að fjölbreytni í sýningaráhaldi á Vesturlandi.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Menningarstofnanir, SSV og Uppbyggingarsjóður
Vesturlands*

*Markmið 3:
Merkingar við þjóðleiðir og alla helstu staði á Vesturlandi sem hafa sögu- og menningarlegt gildi*

AÐGERÐIR:

Merkingar staða og mannvirkja með sögu- og menningarlegt gildi.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Áfangastaðastofa Vesturlands, sveitarfélöginn og SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands
Æskilegur samstarfsaðili: Vegagerðin*

Merkingar þjóðleiða á Vesturlandi með aukna áherslu á rafraen göngu- og hjólkort, með það fyrir augum að bæta upplifun og auka öryggi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélöginn, Markaðsstofa/Afangastaðastofa Vesturlands og SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

Kynna þjóðleiðir og staði með sögu- og menningarlegt gildi á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Markaðsstofa/Afangastaðastofa Vesturlands og SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

*Markmið 4:
Menningarlandslag Vesturlands verði kortlagt og kynnt*

AÐGERÐIR:

Efling menningarmiðlunar og áttihagafræðslu í öllum leik- og grunnskólum á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Markaðsstofa Vesturlands, SSV og/eða Sóknaráætlun Vesturlands

Þróun kennsluefnis í áttihagafræðslu fyrir alla aldurshópa, m.a. með nýtingu tölvuleikja eða smáforrita.

*Hverjir koma að aðgerðinni: SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands
Æskilegur samstarfsaðili: Menningarstofnanir á Vesturlandi*

Myndaður sé hvati til að safna munnlegri geymd með viðtöllum og halda skráningu sagna frá eldri íbúum Vesturlands.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin (skólastofnanir), menningarstofnanir og SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands

Aukin áhersla á kynningu, menntun og fræðslu um matargerð, handverk, verslunar-, landbúnaðar-, útvegs- og samgöngusögu, sagnir og fleira sem tengist menningararfí íbúa Vesturlands.

Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin með stuðningi SSV og/eða Uppbyggingsjóði Vesturlands

Markmið 5:

Áhersla á verndun gamalla húsa og annarra mannvirkja er hafa sögu- og menningarlegt gildi

AÐGERÐIR:

Merkningar gamalla húsa og annarra mannvirkja með sögulegu ívafi á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV með stuðning frá Sóknaráætlun Vesturlands, t.d. Uppbyggingsjóði Vesturlands

Húsakannanir og -skráningar verði framkvæmdar viða á Vesturlandi í samstarfi við Minjastofnun Íslands.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin og SSV
Æskilegur samstarfsaðili: Minjastofnun Íslands*

Myndaður sé hvati til viðhalds eldri húsa og annarra mannvirkja með varðveislugildi, t.d. í formi sérstakra styrkja.

*Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélögin og SSV
Æskilegur samstarfsaðili: Minjastofnun Íslands*

Mælanleg markmið vegna kafla um Menningararfs

- Fjölgar skráningum á form- og söguminjum á Vesturlandi á tímabilinu 2021-2025?
- Hefur markaðssetning á Vesturlandi sem „Sögulandshluta“ farið fram árið 2025?
- Hefur verið stofnaður Safnaklasi Vesturlands árið 2025?
 - Sameiginleg, fagleg aðgerðaráætlun varðandi skráningu samtímaheimilda
 - Sameiginleg, fagleg aðgerðaráætlun er varðar miðlun, varðveislu og skráningu menningu allra íbúa og þjóðfélagshópa á Vesturlandi
- Hafa komist í framkvæmd verkefni er varða miðlun menningararfs með tækninýjungum, svo sem tölvuleikjum og sýndarveruleika á Vesturlandi árið 2025?
- Hefur skráning, kortlagning og miðlun áfangastaða, þjóðleiða og sögustaða farið batnandi á tímabilinu 2021-2025? Með hliðsjón af úttekt sem framkvæmd var af Áfangastaðastofu Vesturlands þar sem fram kemur þörf á merkingum og/eða verndun staða fyrir ágangi. - sjá athugasemd Dagbjartar
- Hafa sveitarfélögin mótað stefnu er varðar merkingu eldri, sögulegra eða merkilegra mannvirkja?
- Fjölgar merkingum við eldri hús og og önnur mannvirkir með varðveislusildi á Vesturlandi á tímabilinu 2021-2025?
- Hafa húsakannanir verið framkvæmdar víðsvegar um Vesturland árið 2025?
- Er til staðar sameiginleg fagleg aðgerðáætlun safna á Vesturlandi um varðveislu menningararfs og miðlun hans árið 2025?
- Hefur stefnumótun Listasafns Vesturlands verið unnin?

V. SAMVINNA

STEFNA

Sveitarfélög á Vesturlandi vinni saman að menningarmálum og uppbyggingu menningartengdra atvinnugreina, með það að markmiði að Vesturlandi verði þekkt fyrir öflugt menningarstarf, listir, menningartengda nýsköpun og skapandi greinar.

Markmið 1:

Samstarf sveitarfélaga um menningarviðburði, skapandi greinar og skipulag menningarmála á svæðinu

ADGERÐIR:

Unnið sé markvisst að kynningarstarfi á svíði menningar og lista á Vesturlandi í samstarfi við fagfolk á þeim svíðum.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og Markaðsstofa Vesturlands

Öflugu tengslaneti listafólks og fólks í skapandi greinum á Vesturlandi verði komið á fót og starfrækt til framtíðar.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Haldin sé málstofa með regluglegu millibili fyrir viðburðarstjóra og/eða viðburðahaldara listahátiða á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Menningarfúlltrúar sveitarfélaganna fundi regluglega og eigi í reglubundnum samskiptum/samstarfi um ýmis menningartengd verkefni.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV

Markmið 2:

Samstarf sveitarfélaga um safnamál á Vesturlandi

ADGERÐIR:

Formlegur samstarfsvetrvangur safna eða safnaklasi verði settur á laggirnar á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV og sveitarfélöginn

Árlegur samráðsfundur safna, sýningarrýma og setra á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: Söfnin á Vesturlandi og SSV

þróun og markaðssetning Vesturlandspassa sem gildi sem aðgöngumiði á öll söfn á Vesturlandi.
*Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélöginn í samvinnu við SSV og Markaðsstofu
Vesturlands*

Sveitarfélöginn horfi til stofnunar Listasafns Vesturlands með áherslu á samtímalistir.
Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélöginn

Markmið 3:

Félagshheimili og annað vannýtt húsnæði í opinberri eigu nýtt enn frekar til menningarstarfs og skapandi greina. Stuðlað að uppbryggingu menningarhúsa á Vesturlandi í samræmi við þróun í óðrum landshlutum.

ADGERÐIR:

Stuðningur við bætta nýtingu og/eða breytt hlutverk menningarhúsa, félagsheimila og mannvirkja í opinberri eigu í þágu fjölbreytrrar menningar og listsþópunar á Vesturlandi.
*Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélöginn, stuðningur frá SSV og/eða Sóknarráætlun
Vesturlands*

Víða á Vesturlandi verði mótuð aðstaða sem styður við fjölbreytt starf menningar, t.d. með uppbryggingu þróunarsætra, fab lab smiðja og vinnustofa listamanna.
Hverjir koma að aðgerðinni: Sveitarfélöginn, Nýsköpunarnet Vesturlands

Markmið 4:

Menningartengt samstarf milli menningar-/fræðastofnana og háskóla á Vesturlandi

ADGERÐIR:

Árleg ráðstefna fræðasetra, háskóla og menningarfulltrúa á Vesturlandi.

Hverjir koma að aðgerðinni: SSV í samvinnu við fræðslusetur og háskóla

Stuðlað verði að auknu samstarfi milli menningar- og menntastofnana á Vesturlandi.

*Hverjir koma að aðgerðinni: SSV, sveitarfélöginn, menningarstofnanir og menntastofnanir
á Vesturlandi*

Mælanleg markmið vegna kafla um Samvinna

- Er starfandi öfugt tengslanet aðila með menningu, listir og aðrar skapandi greinar að atvinnu árið 2025?
- Eru ráðstefnur eða samráðsfundir fólks í skapandi greinum haldin með reglugu millibili á Vesturlandi árið 2025?
- Hefur verið unnið hefur verið að stofnun Listasafns Vesturlands árið 2025?
- Er „Vesturlandspassi“ sem gildir á söfn, sýningar og menningarhús svæðisins komið á laggirnar árið 2025?
- Eru fleiri félagsheimili og önnur vannýtt hús nýtt til blómlegs menningarstarfs og í daglegum rekstri árið 2025 en árið 2021?